

MONITOR



FRITT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

NÝR VINUR BÆTIST Í HÓPINN



HÁMARK
HOLLUR FÉLAGI

Á vefsíðunni airwaves.com má kaupa hágæða loftræstikerfi.

MONITOR

MÆLIR MEÐ...

ICELAND AIRWAVES '13

FYRIR TÓNELSKA.

SKEMMTILEGA OG VEL TENNTA

Það vekur ósjaldan mikla furðu þeirra erlendu gesta sem hingað koma hversu gríðarlega óflugt íslenskt tónlistarlíf er. Þessa dagana stendur yfir stærsti viðburður ársins í þeim efnum, Iceland Airwaves. Í tilefni þess streyma hingað til lands erlend-ir gestir og segir sagan að útlensk kreditkortavelta hafi aukist um heilan milljarð meðan hátíðin stóð yfir í fyrra. Monitor á ekki milljarð en vildi þó leggja sitt af mörkum við hátíðina. Síðustu daga hafa nokkrar áhugaverðar hljómveitir mætt í Símakleffann í Hádegismóum og tekið lagið fyrir framan myndavélarnar. Um var að ræða svokallað „Live lounge“ þar sem flest böndin tóku eitt af sínum eigin lögum og eitt cover lag. Hljómveitirnar koma úr ólíkum áttum og ættu allir að finna þar eitthvað við sitt hæfi. Næstu daga munu upptökur af þessu spilerí streyma inn á vef Monitor og eru allir tónlistarunnendur því hvattir til þess að fylgjast vel með.



Mynd/Galli

ÁRNI ÞÓR
Fyrstu sex: 300188
Lag á heilanum: Fucked Up – Two Snakes
Uppáhalds kex: KEX Hostel
Uppáhalds tónleikastaður: Iðnó

Tónlistin mótuð á háaloftinu

Sexmenningarnir **Axel, Árni, Björn, Helga, Hildur og Skúli** skipa hljómveitina **Rökkurró** en sú stígur endurnýjuð á stökk á **Iceland Airwaves**-hátíðinni.

Gítarleikarinn Árni Þór Arnason segist eiga erfitt með að skilgreina þá tegund af tónlist sem Rökkurró spilar en að hún hafi upprunalega þróast út frá fyrsta æfingahúsnæði sveitarinnar. „Fyrsta ár hljómveitarinnar æfðum við á háaloftinu hjá foreldrum Bibba sem mótaði tónlistina töluvert framan af því að við máttum bara spila til klukkan átta á kvöldin og alls ekki of hátt til þess að trufla ekki gömlu hjónin í næsta húsi,“ segir Árni.

Rökkurró hefur látið lítið á sér bera síðustu tvö árin en árið 2011 fluttu þær Helga og Hildur til Japan. „Þegar þær komu til baka gátum við ekki ímyndað okkur að spila gömlu lögin aftur vegna þess að við vorum komin með svo mikinn leiða á þeim. Við ákváðum þess vegna að spila sem allra minnst þangað til við

værum búin að semja efni fyrir nýja plötu,“ segir Árni en tímabilið sem fylgdi segir hann hafa verið langt og strangt. „Nú er því komið að því að frumflytja þetta efni og Airwaves er auðvitað fullkominn vettvangur fyrir slíkt,“ segir Árni sem er að vonum spenntur fyrir viðtökunum.

100 vikur á metsölulista.

Árni segir að þrátt fyrir að Rökkurró hafi aldrei orðið sérlega stórt nafn á Íslandi virðist tónlistin hafa náð að hreyfa við útlendingum frá upphafi en seinni plata sveitarinnar, í annan heim, náði þeim áfanga á dögunum að vera 100 vikur á Tónlistanum. „Þetta er útgáfufyrirtækinu okkar, 12 Tónum, að þakka. Þeir pranga þessari plötu inn á alla

sem koma inn í búðina til þeirra,“ segir Árni glettnislega en bætir því við að sveitin eigi einnig sterkan aðdáendahóp hér á Íslandi sem eigi vonandi bara eftir að vaxa með tilkomu nýju plötunnar.

Árni segist vera farinn að líta á Airwaves sem einskonar ættarmót enda eigi hann orðið mikið af erlendum vinum sem koma á hátíðina ár eftir ár. „Sömuleiðis finnst mér æðislegt að hitta vini mína í öðrum hljómveitum og detta í það í algjöru músikmóki,“ segir hann en hvað dagskrána varðar segist hann löngu hættur að skipuleggja hvað hann ætli að sjá. „Ég er með þrennt planað í ár, Fucked Up sem er líklega besta tónleikasveit heims að undanskilinni Sigur Rós, Jon Hopkins og Anna von Hausswolff, annað ætla ég að ramba á.“

- BLAÐIÐ Í TÖLUM**
- 4** ára kynntist Högni Egilsson fyrst tónlistinni af alvöru
 - 3** sinnum hefur hin norska Rikke mætt á Airwaves
 - 7** laganemar sýna lesendum Hrekkjavökubúninga.
 - 12** ára byrjaði Högni að selja kínverja í einkaskóla í Belgíu.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjórn:
Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is), Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Bláamenn:** Rósa María Árnadóttir (rosamaria@monitor.is), **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsinga-deild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Eggert Jóhannesson (eggert@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Í fæðingarorlofi:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Lisa Hafíðadóttir (lisa@monitor.is) **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞÁ MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Viltu skrifa fyrir Monitor?

Síðastliðinn föstudag fékk ég tölvupóst
From: stefan [redacted]
[redacted]@hotmail.com>
Date: 2013/10/25

http://www.mbl.is/monitor/frettir/2013/10/25/fagleg_skyndikynni/
færðu borgað fyrir að skrifa svona crap hvar get ég skráð mig?“

Ég svaraði fyrirspurninni að sjálfsgöðu að bragði.
Sæll Stefán,
Heyrðu jú, ég fæ nefnilega einmitt meðal annars borgað fyrir að skrifa svona pistla. Þessi tiltekni pistill birtist fyrst í nýjasta tölublaði Monitor á síðu þrjú. Er eitthvað sérstakt í pistlinum sem þér finnst að mætti betur fara? Annars er þér frjálst að senda okkur pistla á monitor@monitor.is. Ef okkur finnst þeir nógu góðir birtum við þá á monitor.is eða jafnvel í blaðinu en því miður getum við ekki greitt fyrir einstök pistlaskrif.

Bestu kveðjur
Anna Marsibil“

Ég hef ekki enn fengið svar.
Ef þér lesandi góður finnst eitthvað mega betur fara í Monitor eða á monitor.is myndi það gleðja okkur ósejnanlega að heyra þína skoðun. Okkur þykir þó heldur skemmtilegra þegar skoðunin er rökstudd og málefnaleg. Kommentakerfis-persónuárásir eru nú líka bara svólítið sorglegar er það ekki?

Það eru ekki bara fylupúkar sem mega senda okkur pistla heldur er það öllum frjálst, jafnt snúðugum sem snúðugum. Dragið fram lykklaborðin, elsku lesendur, og sendið okkur ykkar hugleiðingar á monitor@monitor.is.

Ástarkveðjur, Anna Marsý



VIKAN Á FACEBOOK

Björg Magnúsdóttir
Samtal á fréttastofu RÚV í morgun: -Ertu svona

heittengur?
-Nei. Ég er meira og minna alinn upp í skaffi.
25. október kl. 18:00

Svana María
Orðin mjög pirruð fyrir hönd íkornans í Ice Age... Það er komin mynd

númer 4, hvað á að kvelja greyjið lengi með þessari hnetu!
30. október kl. 16:50

Golli. Kjartan Þorbjörnsson
leggur til að Þjóðkirkjunnin verði falið að selja miða á

næsta landsleik. Forgöngumanni þeirra tókst að metta 5000 manns með fimm brauðum og tveimur fiskum. Með sama hætti mætti koma 200.000 manns á völlinn með 7000 miðum.
30. október kl. 07:45

Haraldur Geir Þorsteinsson
Djöfull væri ég til í að vera símadaman hjá KSÍ í dag

#enginnsegir
29. október kl. 09:29

www.facebook.com/monitorbladid

Aldrei aftur heim á mánudegi

Hin norska **Rikke Skov** er háskólanemi í sjónvarpsfjölmíðlun og mikill tónlistarunnandi. Hún er að koma á sína þriðju **Airwaves-hátíð** og segist aldrei fá leiða á íslenskri tónlist.

RIKKE SKOV

Fyrstu sex: 191190

Lag á heilanum: The Fox með Ylvis.

Uppáhalds Disney-persóna:

Pochahontas.

Uppáhalds fjall: Himmelbjerg.

MONITOR
Á AIRWAVES

Þetta er þriðja skiptið sem þú kemur á Iceland Airwaves. Hvað dregur þig hingað aftur og aftur?

Ég held að það sé blanda af tónlistinni og landinu sjálfu sem er ástæðan fyrir því að ég kem á þessum tímapunkti en ekki um sumarið. Það er allavega ekki veðrið sem dregur mig hingað (hlær). Vindurinn er svo mikill að mér finnst eins og náttúran sé að segja mér að fara aftur heim. Ég er mikill aðdáandi Íslands yfirhöfuð, sérstaklega eftir að hafa kynnst fólkinu betur.

Hvenær var fyrsta Airwaves-hátíðin þín?

Það var 2011. Ég man eftir tónleikum Active Child og fullt af tónleikum á Nasa. Þá hafði ég aldrei hlustað á Retro Stefson og ég heillaðist af orkunni sem þau gefa frá sér. Ég sá líka Astra, Other Lives og GusGus.

Það hefur mikið verið rætt um lokun Nasa, tengist þú staðnum einhverskonar tilfinningaböndum?

Já, þetta er svo sorglegt. Eins með Faktorý, þetta eru staðir þar sem ég átti ótrúlega margar góðar upplifanir. Nasa var staðurinn sem ég fór mest á í fyrsta skipti sem ég kom og varð eiginlega holdgervingur hátíðarinnar fyrir mér. Ég kunní að meta uppbygginguna, staðsetninguna og andrúmsloftið sem skapaðist. Þetta var allt fullkomið. Faktorý var síðan allt öðruvísi en ég á góðar minningar þaðan. Sumar man ég, aðrar ekki, en þær eru allar góðar (hlær).

Áttu einhverja góða Airwaves-sögu?

Það er kannski helst frá því að ég var að fara eftir fyrsta skiptið mitt. Ég tók leigubíl beint úr eftirpartýi, hágrátandi því ég vildi ekki fara, og leigubíllinn beið úti á meðan ég pakkaði því ég var að missa af rútunni. Leigubílstjórinn var samt rosalega indæll og hann róaði mig svolítið niður. Ég komst á flugvöllinn og svo þegar ég var komin heim var ég að segja söguna af því að ég hefði verið nokkuð drukkin og þá segir einhver: „Skritið að þú hafir komist í gegnum öryggisleitina“. Þá uppgötvaði ég að ég mundi bara ekkert eftir því að hafa farið í gegnum öryggisleit. Þegar ég kom heim uppgötvaði ég líka að peysan mín var á röngunni. Þess vegna bóka ég aldrei miða heim á mánudeginum lengur. Það er alltaf slæm hugmynd.

Hlustarðu mikið á þá tónlistarmenn sem þú „uppgötvar“ á Airwaves.

Alveg klárlega. Ég vann í útvarpi og eftir síðustu hátíð sé ég um morgunþátt þar sem ég spilaði aðallega tónlist frá Airwaves. Fólk verður stundum pirrað því ég er alltaf að tala um íslenska tónlist en ég missi ekki svefn yfir því. Svo eru sumir tónlistarmenn eins og Of Monsters and Men og Ólafur Arnalds sem hafa meikað það á eigin spýtur, án þess að ég hafi haldið þeim að vinum mínum.

Kemurðu ein á Airwaves eða ferðastu með hópi fólks?

Í fyrsta skiptið hitti ég kanadíska vinkonu mína hér en í fyrra kom ég ein og eins í ár. Ég á íslenska vinkonu sem ég kynntist í Berlín og hún hefur kynnt mig fyrir menningunni.

Íslendingar hafa orð á sér fyrir að vera lokaðir. Hvernig hefur þér gengið að kynna Íslendingum á Airwaves?

Tiltölulega vel, en það er kannski af því að vinkona mín hefur getað kynnt mér fyrir fólki. Ég held að þið séuð svolítið eins og við Norðmenn. Við erum ekki á útopnu eins og Ameríkanar og þurfum svolítið að venjast fólki en eftir smástund erum við orðin hlý og vinaleg. Mér finnst Íslendingar mjög skemmtilegir. Þið eruð líka svo merkileg. Þið eruð svo lítið samfélag en eruð samt með þessa ótrúlegu breidd af frábærri tónlist. Þegar ég segi fólki heima að ég sé að fara til Íslands og að ég elski íslenska tónlist er það eina sem því dettur í hug Björk og Sigurrós. En þið eruð með allar tegundir af tónlist. Björk, Sigurrós, Ojba Rasta og Retro Stefson spila öll frábæra en ótrúlega ólíka tónlist.

Hefurðu sótt margar aðrar tónlistarhátíðir?

Aðallega í Noregi. Það er ein sem ég hef mætt á síendurtekið en hún er jafnframt útihátíð. Núna þegar ég er orðin aðeins eldri kann ég betur að meta hátíðir eins og Airwaves. Það er djammað og drukkið en hún gengur svo mikið meira út á tónlistina í stað þess að það sé fullt af ungum krökkum hlaupandi um að drekka sig fulla. Þar þykir t.d. kúl að segja að maður hafi bara verið á tjaldstæðinu allan daginn að drekka og ekki heyrt í neinu bandi en það er fáránlegt. Það er það góða við Airwaves að þeir sem koma hingað hafa allir raunverulegan áhuga á tónlist og að ferðast, svo ég á margt sameiginlegt með þeim hópi. Það er svo frábært að þessi eyja sé einhver staðar lengst út í hafi en samt komi fólk hingað alls staðar að út af þessari hátíð.

Er eitthvað annað sem skilur Airwaves að frá hinum hátíðunum í þínum huga?

Já, það er mjög fyndið hvernig það er oftast hægt að sjá hverjir eru innfæddir og hverjir eru túristar á klæðaburðinum. Íslendingur klæða sig í flott fót, djammföt, en ferðamennirnir eru alltaf í vindjökkum, gönguskóm og þykkum peysum.

Hvað ætlar þú að sjá á Airwaves?


Það er smá-kjánalegt að segja það en ég hlakka mikið til að sjá norsku listamennina. Ég hlakka mikið til að sjá Emilíönu Torrini, það verður mjög sérstakt fyrir mig. Ég hlakka líka til að sjá bönd sem ég þekki eins og Retro Stefson og FM Belfast þar sem ég veit að hverju ég geng. Bestu upplifanir mínar hafa þó oftast átt sér stað þegar ég ramba á eitthvað sem ég átti ekki von á að sjá eða þekkti ekki áður.

Áttu einhver góð ráð fyrir Airwaves-fara?

Ekki vera í gönguskóm og ekki vera á háum hælum. Þér líður kannski vel á pinnahælum fyrst en ekki þegar líður á kvöldið. Svo þurfa allir að vera búnir undir að vera kalt. Veðrið er eins og það er en það er engin afsökun fyrir því að mæta í regnjakka og flispeysu.



Októberbest



Léttmjolk



RAFMÖGNUM STEMNING Í HAFNARHÚSINU



ÁTÖKIN LEYNA SÉR EKKI

AIRWAVES NOSTALGÍAN

Í ár er **Iceland Airwaves** haldið í fimmtánda skipti. **Monitor** tók saman nokkrar vel valdar myndur frá fyrri hátíðum.



VEL KLÆDDIR SÖNGFUGLAR Í FANTAFORMI



GUITAR HERO




ÞESSI KOMST Í GRÍÐALEGAN HAM

MONITOR
Á AIRWAVES



ÞESSI SPILAR LÍKA GUITAR HERO



ÁSGEIR TRAUSTI SEGIR HLUSTENDUM „LEYNDARMÁL“



FÆKKUM FÖTUM



ROKK GYÐJA



SKRÍMSLI OG MENN



JÓNSI ER HÉR ÍKLÆDDUR SVÖRTUM FÖTUM

FOCUS

Nýi orkudrykkurinn...
þessi öfluggi án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík
innihaldsefni
- virkar
samstundis

Fæst í helstu apótekum, brokkoli.is



LJÚFIR TÓNAR BERNDSEN
ERU JAFNVEL FALLEGRI
EN SKEGGVÖXTURINN



DANSARINN

Stundum þarf að skekja skanka og skiptir þá litu hvort klukkan sé 12 á miðnætti eða hádegi. Skelltu þér á gólfid með þessum fjöruðu tónlistarmönnum og finndu gleðina taka völdin.

Fimmtudagur

17:00 The Balconies – Stúdentakjallarinn

(Sæmundargata 4)

18:00 Retro Stefson – Jör (Laugavegur 89)

18:00 Ojba Rasta – Slippbarinn (Mýrargata 2)

Laugardagur

15:00 Bloodgroup – Kex Hostel (Skúlagata 28)

16:00 Sísí Ey – Jör (Laugavegur 89)

18:00 The Bangoura Band – Kofinn (Laugavegur 2)

Sunnudagur

17:00 Berndsen – Kex Hostel (Skúlagata 28)

18:30 Hermigervill - Kex Hostel (Skúlagata 28)

21:00 Sexy Lazer, Galdur, Kasper Björke and friends – Kaffibarinn (Bergstaðastræti 1)



OFF VENUE MED MONITOR

Miðalausir **Airwaves**-unnendur þurfa ekki að örvænta enda munu yfir 600 tónlistarmenn og hljómsveitir koma fram á **Off-Venue**-dagskrá hátíðarinnar. **Monitor** tók saman nokkur þeirra atriða og setti saman í handhægar dagskrárhugmyndir eftir lauslegum áhugasviðum.

DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP
ÆTTI AÐ GLEÐJA
NÓRDALEG HJÓRTU



BLAND Í POKA

Í off venue-dagskránni er að finna nokkra viðburði sem eru bara eitthvað svo öðruvísi og skemmtilegir og vel til þess fallnir að skemmta þeim sem vilja bragða á allskonar ólíku tónlistargúmmelaði allt í gegnum helgina.

Fimmtudagur

12:00 Árstíðir – Slippbarinn (Mýrargata 2)

15:00 Royal Canoe – Stúdentakjallarinn (Sæmundargata 4)

17:00 Fox Train Safari – Bus Hostel (Skógarhlíð 10)

18:00 Samúel Þór Samúelsson Big Band – KronKron (Laugavegur 63b)

Föstudagur

16:00 Halleluwah – Norræna húsið (Sturlugata 5)

17:00 Ghostdigital – Smekkleysa (Laugavegur 35)

18:30 1860 – Bar 11 (Hverfisgata 18)

19:00 Zahed Sultan – Hjálpræðisherinn (Kirkjustræti 2)

Laugardagur

12:00 Airwords: Poetry and music –Kvosin Hotel (Kirkjutorg 4)

15:00 Sykur (Acoustic) – TheLaundromat Cafe (Austurstræti 9)

18:00 Bartónar, Karlakór Kaffibarsins – The Laundromat Cafe (Austurstræti 9)

18:30 DJ Flugvél og geimskip –Eymundsson (Austurstræti 18)

ÁSGEIR TRAUSTI
BÝÐUR Í KEX KL. 20:30
Á FÖSTUDAGINN



HUGGULEGI GÍRINN

Ef þú ert þessi rólega týpa sem vill bara eiga kósí stund í góðra vina hópi án of mikils áreitis á hlustirnar skaltu setja þig í huggulega gírinn með þessum tónlistarmönnum.

Fimmtudagur

14:00 Ylja – Bláa lónið

17:00 Vök – Slippbarinn (Mýrargata 2)

Föstudagur

17:00 Lay Low - &Þó (Laugavegur 74)

18:30 Moses Hightower – Kex Hostel (Skúlagata 28)

19:00 Hymnalaya – Hótel Borg, Skuggabarin (Pósthússtræti 11)

20:30 Ásgeir Trausti – Kex Hostel (Skúlagata 28)

Laugardagur

14:00 Einar Lövdahl og Hjörðin – Icewear (Þingholtsstræti 2-4)

17:00 Pascal Pinon – Eymundsson (Austurstræti 18)

19:00 My Brother is Pale –Kofinn (Laugavegur 2)

Sunnudagur

16:30 Elin Ey –Boston (Laugavegur 28)

19:00 Snorri Helgason –Kaffibarinn (Bergstaðastræti 1)



MÚM ERU MEÐ KRÚTTLEGGRI BÖNDUM Í BRANSANUM

KRÚTTKYNSLÓÐIN

Einhver sagði einhvern tímann að krúttkynslóðin væri dauð en ef hún dó var hún fljót að rísa úr gröfnni. Krúttaðu yfir þig að vild, að því er engin skömm.

Fimmtudagur

13:00 Grúska Babúska - Norræna húsið (Sturlugata 5)

Föstudagur

13:00 Sumie Nagano - Norræna húsið (Sturlugata 5)
17:00 Samaris - Slippbarinn (Mýrargata 2)
18:00 Rökkurró - Loft Hostel (Bankastræti 7)

Laugardagur

12:00 Pascal Pinon - Slippbarinn (Mýrargata 2)
18:30 Múm - Kex Hostel (Skúlagata 28)



EMMSJÉ GAUTI ER SLAKUR, SAMA HVERNIG VIÐRAR

RAPP-GÚRÚINN

Dragðu fram derhúfuna, togaðu buxurnar niður og skelltu á þig blinginu svo þú fallir örugglega inn í hópinn. Eða ekki.

Föstudagur

17:00 Gísli Pálmi - Jör (Laugavegur 89)
19:00 Emmsjé Gauti - B5 (Bankastræti 5)
20:00 Úlfur Úlfur - Loft Hostel (Bankastræti 7)

Laugardagur

12:00 Airwords: Poetry and music - Kvosin Hotel (Kirkjutorg 4)
19:00 Original Melody - Hótel Borg, Skuggabarninn (Pósthússtræti 11)



HÖGNI EGILSSON ER FYRRVERANDI KÍNVERJADÍLER

MONITOR
Á AIRWAVES

INDÍVERJINN

Njóttu þess að vera indie-unnandi í sinni víðustu mynd og sigldu á milli tónleika með vott af yfirlætissvip og helling af tónaflóðs hamingju.

Fimmtudagur

14:45 Japanese Super Shift and the Future Band
16:00 Cousins - Stúdentakjallarinn (Sæmundargata 4)
18:00 We are Wolves - Stúdentakjallarinn (Sæmundargata 4)

Föstudagur

15:00 Mammút - B5 (Bankastræti 5)
16:30 Vök - English Pup (Austurstræti 12)
20:00 Nolo - Bar 11 (Hverfisgata 18)

Laugardagur

15:00 Hjaltalín - Jör (Laugavegur 89)
17:00 Murrk - Hjálpræðisherinn (Kirkjustræti 2)
18:00 Electric Eye - Lucky Records (Rauðarárstígur 10)

Sunnudagur

16:00 Shiny Darkly - Lucky Records (Rauðarárstígur 10)
18:20 Munstur - Bunk Bar (Laugavegur 28)

RAFIDNAÐARMAÐURINN

Sumir tónlistarmenn mynda rafmagnaðra andrúmsloft en aðrir og það kennir ýmissa grasa í raftónlistarúrvali Airwaves í ár.

Fimmtudagur

14:00 Diana - Stúdentakjallarinn (Sæmundargata 4)
15:30 M-Band - Nora Magasin (Pósthússtræti 9)

Föstudagur

17:00 Ghostdigital - Smekkleysa (Laugavegur 35)
19:30 Tanya and Marlon - Boston (Laugavegur 28)

Laugardagur

18:00 Zahed Sultan - Hlemmur (Laugavegur 105)
00:30 Housekell - Kaffibarinn (Bergstaðastræti 1)



MÁVURINN TILHEYRIR EKKI BANDINU, ÞÓ HONUM LÍKI RAFTÓNLIST

HARÐARI DEILDIN

Þú þarft ekki að vera indí-hipster eða ofurkrútt til að finna þig á Airwaves því á off-venue-dagskránni er að finna ýmis bönd í þyngri kantinum sem og klassískt rokk.

Fimmtudagur

17:00 Dimma (Acoustic) - Smekkleysa (Laugavegur 35)
19:00 Legend - Boston (Laugavegur 28)

Föstudagur

15:30 Pink Street Boys - Harpa Kolabrautin (Austurbakki 2)
19:15 Brain Police - Dillon (Laugavegur 30)

Laugardagur

17:15 Saytan - Bus Hostel (Skógarhlíð 10)
19:15 Kaleo - Hressó (Austurstræti 20)
20:30 Muck - Kex Hostel (Skúlagata 28)



STRÁKARNIR FRÁ VAGLASKÓGI MÆTA Á HRESSÓ Á LAUGARDAGINN

Ný úlpu sending

TAX FREE DAGAR


Í DAG 31. OKT. - 1. NÓV.

20% afsláttur af öllum vörum

Deres

Kringlan | s.512 1755

fylgist með okkur á facebook | Instagram #dereskringlan



ÚTHALD

CW-X® CW-X Stabilyx íþróttabuxur

- styður við hné, kvið, mjóbak, mjaðmir, læri, IT band, kálfa og hásin
- örvar blóðflæði og dregur úr myndun harðsperra
- eykur stöðugleika, jafnvægi, hreyfigetu og úthald
- dregur úr hættu á meiðslum



 CW-X.
CONDITIONING WEAR.

Rekinn úr skólanum fyrir sprengjusölu

Hljómsveitin **Hjaltalín** kom fyrst fram árið 2004 og hefur allar götur síðan notið gríðarlegra vinsælda. Sveitin spilar á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni sem fram fer næstu daga og heldur svo á vit ævintýrana í Norður-Ameríku. **Monitor** fékk **Högna Egilsson** til sín í spjall.





hliðar. Þú getur ímyndað þér hversu mikið af fólki hefur verið lagt inn á geðdeild, kemur síðan út og er litið hornauga.

Mér skilst að þetta séu nokkuð algeng veikindi meðal listamanna, er eitthvað til í því?

List og geðveiki eru náttúrulega svipuð fyrirbæri, sömu straumar. List er gerð til þess að ýta við veröldinni eins og maður heldur að hún sé, sem ákveðinn sjálfstæður hvati sem hreyfir við hugsun samfélagsins og því hvernig fólk lifir í samfélagi. Þetta er drif sem er innspýtt inn í fólk til þess að gefa því tilfinningu um það að lífið sé meira en að hafa áhyggjur af peningum, hanga í vinnunni og hundleiðast. Lífið er meira heldur en allt sem þú sérð, maðurinn er dýnamísk vera sem getur stækkað og orðið eitthvað meira og listin hjálpar manni að langa og sjá það sem er þarna fyrir aftan. Af þessu leiðir að listin er ekki bara mikilvæg heldur óumflýjanleg. Það sem er áhugavert er að vera með samfélag sem trúir list og menningu sem það fallega og góða. Ísland hefur klárlega þá ímynd og orðspor mjög víða að vera lítið og krúttlegt, en það er listfengið og hefur þann sjáanlega eiginleika að styðja við og tala um menningu. Ef við ætlum að standa í einhverju stóru alþjóðlegu samhengi finnst mér að við þurfum að skapa okkur sérstöðu sem land sem trúir á eitthvað. Við getum verið land sem trúir á sjálfbærnan, grænan iðnað sem mengar ekki, við getum verið fyrsta landið sem hættir að nota bensín, staðið með hlutum sem eru ekki alltaf bundnir við peninga heldur fylgt einhverri hugsjón.

Aðeins aftur að Hjaltalín, er einhver ráðandi í tónlistarsköpuninni ykkar eða vinnnið þið þetta allt saman?

Það vantar staði í Reykjavík þar sem ung bönd vilja spila.

Við vinnum mjög mikið saman, síðasta plata er t.d. gerð í mikilli sameiningu. Fyrst verður til einhver taktur og svo byggir annar ofan á það og enn aðrir straumar koma annars staðar frá o.s.frv. Vissulega er mikið af söngnum og textum gert af mér en öll undirstaða og efni er unnið í sameiningu.

Hvernig er Airwaves-planið hjá ykkur?

Við spilum tvo tónleika á hátíðinni sjálfri, á miðvikudaginn og fimmtudaginn. Þetta verður annars vegar í Hafnarhúsinu og hins vegar í Hörpunni. Síðan spilum við hér og þar um bæinn um helgina, við verðum bara að hlaupa á milli og verðum í góðu stuði.

Að lokum, hvað er á döfnni hjá ykkur eftir Airwaves?

Við förum til Kanada í nóvember og spilum þar í Montreal og Toronto, svo förum við til New York og spilum þar á kvikmyndasýningu fyrir Days of Grey-myndina sem við vorum að gera. Það er svona samtalslaus kvikmynd framleidd af fólki í New York sem hafði komið hingað til lands og séð okkur spila. Þau gerðu kvikmynd sem er innblásin af tónlist sveitarinnar. Þetta er dreymin saga um tvær manneskjur sem kynnast á óráðum tíma og stað þar sem er búið að afmá tungumál og er öll tekin upp hérna á Íslandi. Það er alltaf nóg framundan.



Upplifðu Iceland Airwaves
með Símanum

Daníel Bjarnason

Jófríður Ákadóttir
Samaris

Elín Ey
Sísý Ey

Úlfur Eldjárn
Apparat Organ Quartet



Margrét Rán
Vök

Daníel Þorsteinsson
Sometime

Lára Rúnarsdóttir
Lára Rúnars

Sveinbjörn Thorarensen
Hermigervill



1
VIÐ BYRJUM MEÐ HREINT ANDLIT. STRÁKAR ÆTTU AD VERA NÝRAKADIR ÞVÍ LATEX NÆST MJÖG ILLA ÚR HÁRI. ÉG LÍMI (KLESSI) NIÐUR AUGABRYRNAR MEÐ LÍMSTIFTI.



2
TIL AD BÚA TIL SÁRIÐ SET ÉG LATEX Á ANDLITIÐ Í ÞVÍ FORMI SEM ÉG VIL AD SÁRIÐ SÉ Í OG LEGG PAPPÍRSSTRIMLANA OFAN Á. MUNIÐ AD LIMA PAPPÍRINN EKKI ALVEG NIÐUR HELDUR HAFI HANN LAUSAN EINS OG RIFNA HÚÐ INNI Í SÁRINU.



3
ÉG FER YFIR ANDLITIÐ MEÐ MEIKI BLÖNDUÐU MEÐ GRÁUM KREMLIT OG LITA BARMANA Á SÁRINU. AUK ÞESS BÝ ÉG TIL ÞRJÁR LÍNUR MEÐ LATEXI Á VINSTRI KINNINA.



4
NÆST SKYGGI ÉG ANDLITIÐ MEÐ DÖKKBRÚNUM OG SVÖRTUM LIT. SKYGGIÐ AUGNÓFTIR, Á MILLI AUGABRÚNA, GAGNAUGU, HÁLS OG SETJIÐ TVÆR LÍNUR, UNDIR KINNBEIN.



5
ÉG LITA SÁRIÐ, SET SVART UNDIR FLIPANA TIL AD DÝPKA ÞAÐ, VÍNRAUÐAN Í RESTINA OG BLANDA SVÖRTU Í ÞAÐ RAUÐA. ÉG SET LATEX YFIR MIÐJU SÁRSINS OG LÍMI VÍNRAUÐA BÓMULL Á LATEXIÐ TIL AD GEFA ÞRÍVÍDDARÚTLIT.



6
ÉG SET LATEX AFTUR YFIR LÍNURNAR Á VINSTRI KINNINI OG KROPPA ÞAÐ SVO ÓREGLULEGA UPPI. ÉG LITA MEÐ SVÖRTUM, VÍNRAUÐUM. SÍÐAN SETTI ÉG NÓG AF BLÓÐI Í SÁRIÐ, Í RISPURNAR, MUNNVIK OG Á HÖKU.

ÓGÆÐIÐ er skemmtilegast

Förðunarfræðingurinn **Helga Katrín Hjartardóttir sýndi Monitor** hvernig hægt er að umbreytast í uppvakning í sex skrefum.

Helga Katrín Hjartardóttir er sjálfstætt starfandi förðunarfræðingur og enskunemi við Háskóla Íslands. Hún segir förðunarahugann hafa komið til frekar seint miðað við margar stúlkur. „Ég byrjaði að prófa mig áfram þegar ég var svona 18 ára, um tveimur árum síðar var þetta orðið mitt helsta áhugamál,“ segir Helga. „Í byrjun árs ákvað ég að henda mér út í förðunarfræðina og í mars síðastliðnum útskrifaðist ég úr Mood Make Up School,“ bætir hún við. Ólíkt því sem margur myndi halda er tiskuförðun ekki í uppáhaldi hjá Helgu. „Mér finnst spfx, gerviförðun sem er notuð í bíómyndum og leikhúsum, langskemmtilegust,“ segir hún en í því felst að búa til sár, blóð, skrímsli og eiginlega allt sem fólki finnst yfirleitt ógeðslegt eða er hrætt við. Hún segir verkefni tengd slíkri

förðun vera að finna bæði í leikhúsum og innan kvikmyndageirans hér á landi en sjálf hefur Helga mest unnið með nemendum úr kvikmyndaskólanum. „Draumurinn er auðvitað að starfa í kvikmyndum og leikhúsum við förðun en ef allt bregst þá er plan b að verða enskukennari.“

Afa bregður við gervin

Helga Katrín er dugleg við að deila verkum sínum á Facebook en hún notar jafnan sjálfa sig eða kærasta sinn sem fyrirsætur. „Fólk er í mörgum tilfellum farið að venjast að það poppi upp mynd af mér í allskonar gervum. Aumingja afa mínum bregður reyndar oftast ennþá og þeim sem eru með blóð- eða sárafóbíu list oftast ekkert á þetta,“ segir Helga sem jatar því þó að stundum reyni hún vísitandi að hræða

fólk. „Það er einna helst þegar ég skelli inn mynd á mína persónulegu Facebooksíðu og bulla svo eitthvað um hvað hafi gerst,“ segir Helga kýmín en hún segist alltaf leiðrétta hrekkina að lokum.

Helga ætlar að sjálfsgöðu að fara í búning í tilefni af Halloween en hún segist ekki enn hafa ákveðið hvað hún ætli að vera. „Ég myndi helst vilja fara heim á milli og skipta um gervi nokkrum sinnum,“ segir Helga loks alvörugefin.

HELGA KATRÍN

Fyrstu sex: 200788

Uppáhalds kex: Prinsakex, alvöru, ekki hermikrákukexið.

Ég sef í: Rúmi, yfirleitt. Var á setti í nótt svo ég svað aðeins í bíl.

Lag á heilanum: Held það sé jafntefli á milli „Glaðasti hundur í heimi“ og „Royals“.

Áhöld:

- Eyrnapinnar í latexíð • Meikbursti
- Föndurburstar eða eyrnapinnar til að lita inn í sárið. Mest nota ég þó fingurna, kremlitirnir mýkjast og eru auðveldari í notkun þegar þeir hitna aðeins vegna líkamshita.

Þú þarft:

Fljótandi latex: Fæst í þeim búðum sem selja Halloween-vörur. (Hægt að nota augnháralím í staðinn)

Klósettappír:

Rífið lögin í sundur svo pappírinn sé einungis eitt lag. Rífið svo í strímla.

Kremliti:

Rauðan, svartan og hvítan. Hægt að blanda hina litina út frá þeim. Meik: Gefur húðinni aðeins raunverulegra útlit heldur einungis hvítur eða grár.

Bómull: Gerir þrívíddarhrif **Gerviblóð:** og nóg af því!



Skalli

Sá svalasti í boenum

**Borgari, franskar,
gos og kokteilsósa**

1.790 kr.



Akureyringur

Nautakjöt, ostur,
tómatar, agúrkur,
jöklasalat, franskar
og hamborgarasósa

Indverji

Indverskt buff í grófu
naanbrauði, grilluð
paprika, rauðlaukur,
jöklasalat, raita og
mangó chutney



Texasborgari

Nautakjöt,
laukhringir, nachos,
jöklasalat, salsa
og jalapenosósa





Snædís Björnsdóttir
1. árs laganemi við HÍ
Fyrstu sex: 170591
Lag á heilanum: Say my name – Destiny's Child (Cyril Hahn Remix)
Uppáhalds-filter: X-pro II



Nikólína Hildur Sveinsdóttir
Nemi í Mood make up school og laganema partý „chrasher“
Fyrstu sex: 250791
Lag á heilanum: No Scrubs – Bastille
Uppáhalds-filter: Mayfair eða Early bird

„Okkur vantaði ódýran búning og það í skyndi. Við sáum instagram-rammann á instagramminu hennar Beyoncé. Snædís reiknaði út hlutföllin og skar út en Lína málaði og fínþússaði.“
Þú þarft: Pappakassa, t.d. pítsukassa, bláa, hvíta og grúa málningu, prófilmynd.



„Við kæró brainstormuðum búninga sem a) virkuðu sem parabúningar, b) voru samt ekki of tacky, c) kostuðu ekki fúlgur fjár og d) fóru vel með djammfötum. Þetta uppfyllti skilyrðin betur en tönn og tannálfur.“
Þú þarft: Pappakassa, græna málningu (skemmir ekki að hafa 2-3 mismunandi tóna) og herðatré. Pappi skorinn út í tígla og límdur saman. Allt þakið grænni málningu. Herðatré beygt í spöng með skrúf-gangi upp í loftið. Tígullinn þræddur upp á herðatrésspöngina.



Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson
Sim
4. árs laganemi við HÍ
Fyrstu sex: 121189
Lag á heilanum: Don't stop believing – Journey
Uppáhalds laukur: Perlulaukur

Þrátt fyrir að hrekkjavaka sé yfirleitt haldin 31. október ár hvert ákvað **Orator**, félag laganema við Háskóla Íslands, að halda grímuball hálfum mánuði fyrr. Þetta kom sér vel fyrir Monitor sem fékk í kjölfarið nokkra lífsglaða laganema og eina boðflennu til að sýna lesendum búninga sem auðvelt er að útvega á síðustu stundu.

HREKKJAVÖKUN REDDAÐ

„Jói ætlaði að vera köttur en síðan kom þessi hugmynd upp hjá okkur þegar Egill og Óli vinur okkar hittust í Smáralindinni korteri í grímuballið. Við sköfðuðum okkur rauðar peysur, ein er markmannstreyja frá HK síðan þeir voru Íslandsmeistarar, snúði við. Hinar tvær venjulegar rauðar peysur. Svo keyptum við húfurnar í Tiger og andlitsmálninguna í Megastore.“
Þú þarft: Rauða peysu, bláa eða svarta derhúfu, svarta andlitsmálningu, glósublöd eða pappír, svartan penna og tituprjóna til að festa merkin í peysurnar.



Bergþóra Gylfadóttir
Þjóðhátíðarfari
4. árs laganemi við HÍ
Fyrstu sex: 060789
Lag á heilanum: Royals með Lorde.
Uppáhalds ofurhetja: Kapteinn ofurbrók.



Ragnheiður Gyða Stefánsdóttir
„We can do it“-konan
4. árs laganemi við HÍ
Fyrstu sex: 201190
Lag á heilanum: Hold on we're going home -Drake
Uppáhalds Kex: Poppkex



„Ég sá fyrir algjöra tilviljun mynd af einhverri random stelpu í svona búning á Instagram og ég átti gallaskyrto svo ég hugsaði með mér að ef ég næði að redda hárbandi að þá væri þetta flott redd. Hárbandið fann ég svo ofan í skúffu hjá mömmu.“
Þú þarft: Gallaskyrto eða annars konar bláa skyrtu, hárband (helst rautt), krullað uppsett hár og rauðan varalít.



Jóhann Skúli Jónsson
Bjarnabófi
3. árs laganemi við HÍ
Fyrstu sex: 200691
Lag á heilanum: Roar – Katy Perry
Uppáhalds hraun: Ódádahraun

„Í stuttu máli þá voru svona 30 mínútur þar til partið byrjaði og ég var að leita að búning. Ég var að tala við vinkonu mína á Facebook sem var með mér í Eyjum og mundi þá eftir því að hún ætti svona eyja-pollabuxur.“
Þú þarft: Pollabuxur, lopapeysu, gönguskó og varning frá styrktaraðilum, t.d. Nova-derhúfu eða brúsa.





NÝ SENDING



pixel ehf

Í HVERJU ÆTLAR

Nú er ein stærsta helgi ársins að ganga í garð, **Airwaves**-helgin mikla. Um er að ræða fimm daga tónlis **Stíllinn** fékk smekkfólkið **Kristínu Mjöll** og **Baldvin** til að sýna Airwaves-dressin sín frá miðvikudegi



FÖSTUDAGUR

PEYSA - GEYSIR

SKYRТА - JÖR

BINDI - YVES SAINT LAURENT

BUXUR - FARMER'S MARKET

SKÓR - K&S

Reynir
að koma
orðinu
„lummó“
aftur í
daglegt
mál

MONITOR
Á AIRWAVES

BALDVIN

Baldvin, hvernig myndir þú lýsa sjálfum þér og þínum stíl? Amma mín sagði einhvertímamann við mig þegar ég var að fara á skólaball í 8. bekk „Ef þú ert ekki viss, vertu þá of finn frekar en of lummó“ og síðan þá hef ég reynt að tileinka mér þá speki, á milli þess sem ég reyni að koma orðinu „lummó“ aftur í daglegt mál.

Hvað ertu að bardúsa þessa dagana?

Ég er að læra viðskiptamarkaðsfræði í Háskóla Íslands og um helgar er ég innanbúðardrengur í Herrafataverzlun Kormáks og Skjalda.

Hefur þú alltaf haft gaman af tísku?

Nei, alls ekki. Þetta byrjaði líklegast þegar ég hóf störf sem síðhærður 16 ára lagermaður hjá Kormáki og Skildi. Eftir það fór ég að kynnast þessu meir og meir, vann hálf sumar hjá frábæru stelpunum í Gyllta Kettinum árið 2010 og þá var þetta meira og minna komið.

Áttu þér einhverja tiskufyrirmynd, einhver sem veitir þér innblástur? Það eru eiginlega bara allir sem ég hitti sem gera það. Það eru allir með sínar eigin hugmyndir og sinn eigin fataskáp sem þeim líður vel í og það er það eina sem skiptir máli. Allir sem eru samkvæmir sjálfum sér og klæðast bara því sem þeir

vilja hverju sinni veita mér innblástur til þess að gera slíkt hið sama.

Í hvaða búðum verslar þú helst hér á Íslandi? Það er, af augljósum ástæðum, langmest í Kormáki og Skildi. JÖR, GK Reykjavík og Kron Kron eru líka að gera frábæra hluti en það sem vantar allra helst er góð second-hand búð sem sérhæfir sig í karlmannsfötum. Lauga-

vegurinn býður upp á stórkostlegt úrval af mjög góðum fötum en það er rosaalega lítið framboð af klæðnaði í þeim verðflokki sem flestir strákar í kringum tvítugt ráða við.

En í útlöndum? Ég versla lítið þegar ég er í útlöndum. Ferðapeningurinn endar einhvernvegin alltaf í pizzum og bjór.

Hver eru þín bestu kaup fyrr og síðar?

Ég reyni alltaf að minna fólk á gríðarlegt mikilvægi þess að vera í góðum sokkum og því verð ég að segja að bestu kaup mín fyrr og síðar eru Barbour-bómullarsokkarnir í Kormáki og Skildi og bambussokkarnir í JÖR.

Hvað er algjört möst fyrir Airwaves-lúkkið að þínu mati? Ætli það sé ekki bara að finna jafnvægið á milli þess að vera ekki of kalt þegar þú ert í röðinni og ekki of heitt þegar þú ert inni á tónleikum.



FIMMTUDAGUR

PEYSA - FCUK

SKYRТА - JÖR

BUXUR - K&S

SKÓR - TIMBERLAND



SUNNUDAGUR

PEYSA - SPÚÚTNIK

BUXUR - K&S

SKÓR - JÖR



MIÐVIKUDAGUR

PEYSA - BEN SHERMAN

BUXUR - K&S

SOKKAR - GEYSIR

SKÓR - K&S



LAUGARDAGUR

JAKKI - ÞJÓBLEIKHÚSIÐ

SKYRТА - K&S

BUXUR - CHEAP MONDAY

BINDI - SPÚÚTNIK

SKÓR - TIMBERLAND



ÞÚ Á AIRWAVES?

tarveislu og þá kemur ekkert annað til greina en að vera með lúkkið á hreinu. til sunnudags en þau eru sammála um að það sé smart að vera hlýtt.



LAUGARDAGUR
BOLUR MED FJÖÐRUM - NOSTALGÍA
PILS - NOSTALGÍA
STÍGVÉL - VINTAGE

Stundum spurð hvort ég sé í búning

KRISTÍN MJÖLL

Kristín Mjöll, hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér og þínum stíl? Ég er 23 ára sveimhugi. Hvað stíllinn varðar þá er ég er stundum spurð hvort ég sé í búning, látum þar við sitja.

Hvað ertu að bardúsa þessa dagana? Ég er í myndlistarnámi í LHÍ svo er ég að vinna á Kaffibarnum og í Nostalgiu.

Hefur þú alltaf haft gaman af tísku? Já ég myndi segja það. Ég er ekki manneskjan sem veit hvað er á hverjum palli hverju sinni en ég tel mig hafa ágætis tilfinningu fyrir tíðarandanum. Áttu þér einhverja tiskufyrirmynd, einhver sem veitir þér innblástur? Nei, ég myndi ekki segja að ég eigi mér tiskufyrirmynd. Ég sækí innblástur héðan og þaðan, t.d úr kvikmyndum, í

tónlist, úr ævintýrum eða bara hvað sem mér dettur í hug eða finnst fallegt.

Í hvaða búðum verslar þú helst hér á Íslandi? En í útlöndum? Ég vinn í Nostalgiu og er dugleg að versla þar, svo er ég líka dugleg í second hand-búðum/mörkuðum yfir höfuð. Það fer algjörlega eftir því hvar ég er í útlöndum, held ég bara, mér finnst samt skemmtilegast að grúska, ef ég kemst á djúsi flóamarkað þá er ég í góðum málum.

Hver eru þín bestu kaup fyrr og síðar? Leðurstígvélin mín góðu.

Hvað er algjört möst fyrir Airwaves-lúkkið að þínu mati? Fyrst og fremst að klæða sig vel, það er smart að vera hlýtt, krakkar!



FIMMTUDAGUR
(BLÁR) KIMONO - KEYPTUR Á NETINU
GEGNSÆR BOLUR - NOSTALGÍA
HLÝRABOLUR - H&M
LEÐURBUXUR - SPÚÚTNIK FATAMARKAÐURINN
SKÓR - H&M



MIÐVIKUDAGUR
KIMONO - NOSTALGÍA
KJÓLL - VINTAGE
STÍGVÉL - VINTAGE

MONITOR
Á AIRWAVES






FÖSTUDAGUR
KJÓLL - ROKK OG RÓSIR
SKÓR - H&M




SUNNUDAGUR
KJÓLL - NOSTALGÍA
SKÓR - H&M

„It's all for nothing if you don't have freedom“
William Wallace - Braveheart








1. Sofðu vel
Úlfur Úlfur

Airwaves 2013 

▶ 1. Sofðu vel Úlfur Úlfur	5:10
▶ 2. Þungur kross Dimma	4:47
▶ 3. Tension Vök	3:05
▶ 4. Expand Your Mind The Vintage Caravan	6:58
▶ 5. Summer is almost... Snorri Helgason	2:57
▶ 6. Crack in a Stone Hjaltalín	4:10



Monitor-listi vikunnar
Högni Egilsson





Thor: The Dark World

Stórmyndin Thor: The Dark World verður heimsfrumsýnd fimmtudaginn 31. október í kvikmyndahúsum um land allt, átta dögum á undan Bandaríkjunum. Kvikmyndin á vafalaust eftir að njóta mikilla vinsælda rétt eins og fyrri myndin um þrumuguðinn Þór, en Thor: The Dark World var að hluta til tekin upp hér á Íslandi. Það er að sjálfsögðu Chris Hemsworth sem fer á ný með hlutverk þrumuguðsins sem í þetta sinn þarf hann að kljást við hinn forna, illa og valdagráðuga Malekith, en hann hefur heitið því að eyða veröld guðanna eins og hún leggur sig þannig að heimurinn verði aftur hluti af Svartálfaheiminum þar sem myrkið ríkir. Til að berjast við þessa ógn og vernda um leið Jane Foster sem Malekith hyggst ná á sitt vald neyðist Þór til að leita til Loka og biðja hann um aðstoð, en eins og flestir vita hefur Loki ekki reynst Þór mikill vinur hingað til.

Það er Christopher Eccleston sem fer með hlutverk Malekiths en annars snúa hér til baka allir helstu leikararnir úr fyrri myndinni, þar á meðal Natalie Portman sem Jane, Anthony Hopkins sem Óðinn og Tom Hiddleston sem hinn viðsjárverði Loki.

Aðalhlutverk: Chris Hemsworth, Natalie Portman, Tom Hiddleston, Christopher Eccleston, Anthony Hopkins, Idris Elba, Stellan Skarsgård, Benicio Del Toro og Adewale Akinnuoye-Agbaje
Leikstjórn: Alan Taylor
Sýningarstaðir: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Keflavík, Akureyri, Smárabíó, Bíóhöllin Akranesi, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó og Króksbíó
Aldurstakmark: Bannað innan 12 ára.

Hvað er að fréttastofa?



tónlist

Freyr Arnason
monitor@monitor.is

Freyr Arnason færir þér allt sem þú þarft að vita úr heimi tónlistarinnar til að geta haldið áfram með daginn þinn.



Britney blastað á sjóræningja

Þrátt fyrir miklar vinsældir hefur tónlist Britney Spears alla tíð átt sér stóran hóp andstæðinga. Nú hefur sá hópur stækkað og kemur hann úr annarri átt en áður. Sómölskum sjóræningjum er það illa við tónlist hennar að skip, sem sjá um vörslu þeirra vestrænu skipa sem þeir ráðast hvað mest á, hafa brugðið á það ráð að blasta gömlum slögurum með söngkonunni til að halda þeim frá. Hefur tíðni sjórána við strendur Afríku aldrei verið minni og þakka bresk yfirvöld Britney þar alfarið fyrir. Þeim sem vilja kynna sér sómalska sjóræningja betur er bent á öll betri kvikmyndahús þar sem Captain Phillips með Tom Hanks er í sýningu.

Kanye kærir klippu

Þeir sem voru hrifnir af Yeezus-plötu Kanye West geta glaðst því að í tveggja tíma útvarpsviðtali á dögnum tilkynnti hann að 5 lög sem komust ekki á plötuna verði gefin út fyrir júl. Eins og vanalega er Kanye fyrirsagnamatúr mikill og hefur tekist að gera bónorð sitt til Kim Kardashian að hlaðborði. Nú er hann að kæra einn af stjórnendum Youtube sem tók upp og lak á netið klippum af trúlofunarathöfninni sem einhverja hluta vegna fór fram á íþróttavelli, með rísa-strengjasveit og áhorfendum veit ég ekki. Málaferlin munu þó líklegast engu máli skipta þar sem eitthvað segir mér að hvorugur aðilinn þurfi að hafa áhyggjur af óvæntum útgjöldum.




Svikari í gervi R.Kelly

Tónleikagestir sem höfðu borgað 18.000 kr. fyrir miða á tónleika með meistara R.Kelly fóru margir hverjir ekki nógu sáttir heim. Þegar líða fór á tónleikanna fór að renna upp fyrir fólki að maðurinn á sviðinu væri hvorki R.Kelly né að syngja. Kom í ljós að um ræddi tónleikahaldarann sjálfan, dulbúinn sem R. Kelly að mæma með lögnum. Enginn hefur fengið endurgreitt en fólk er víst eitthvað ósátt. Í öðrum fréttum af Kellz er ný plata, Black Panties (auðvitað heitir hún það) á leiðinni á næstu vikum.

Dýrari diskur, meiri gróði?

Á tímum sem þessum er sífellt erfiðara og erfiðara fyrir tónlistarmenn að selja tónlistina sína. Margir hafa brugðið á það ráð að gefa lög sín fritt og aðrir reynt að gefa út veglegri pakka og lækka verðið. Einn maður er ekki sammála þessari hagfræði. Tiltölulega óþekktur rappari, Nipsey Hussle, hefur notað sem söluaukandi aðgerð að hækka verðið á geisladisknum sínum upp í 100 dollara, sem eru rúmar 12.000 kr.



Enn ber Brown

Chris Brown ákvað á dögnum að berja á tveimur mönnum sem villdu fá mynd af sér með honum. Enda það eðlilega í stöðunni. Það fylgir því víst eitthvert vesen þar sem hann er á skilorði fyrir fyrri verk sín í bardagaheiminum. En ekki er öll von úti, Mike sjálfur Tyson, ofbeldismaður fyrrverandi, boxari og nú stórleikari, hefur tekið upp hanskan fyrir Brown. Mike sem sjálfur hefur barið fólk sem á vegi hans var hefur áhyggjur af því að með þessu áframhaldi endi CB á bakvið lás og slá.

CHRIS HEMSWORTH NATALIE PORTMAN TOM HIDDLESTON ANTHONY AND HOPKINS AS ODIN



Empire



Total Film

MARVEL

THOR

THE DARK WORLD

MARVEL STUDIOS PRESENTS CHRIS HEMSWORTH NATALIE PORTMAN TOM HIDDLESTON AND ANTHONY HOPKINS AS ODIN "THOR: THE DARK WORLD" STELLAN SKARSGÅRD IDRIS ELBA CHRISTOPHER ECCLESTON ADEWALE AKINNUOYE-AGBAJE
KAT DENNINGS RAY STEVENSON ZACHARY LEVI TADANOBU ASANO JAMIE ALEXANDER WITH RENE RUSSO CASTING BY SARAH HALLEY FINN COSTUME DESIGNER WENDY PARTRIDGE
EDITED BY DAN LEBENTAL A.C.E. WYATT SMITH PRODUCTION DESIGNER CHARLES WOOD DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY KRAMER MORGENTHAU, A.S.C. EXECUTIVE PRODUCERS NIGEL GOSTELOW STAN LEE PRODUCED BY ALAN FINE EXECUTIVE PRODUCERS VICTORIA ALONSO CRAIG KYLE EXECUTIVE PRODUCERS LOUIS D'ESPOSITO PRODUCED BY KEVIN FEIGE
SCREENPLAY BY DON PAYNE AND ROBERT RODAT BASED UPON CHARACTERS CREATED BY STAN LEE AND THE MARVEL UNIVERSE
DIRECTED BY JANE KAMM
CASTING BY SARAH HALLEY FINN COSTUME DESIGNER WENDY PARTRIDGE
EXECUTIVE PRODUCERS NIGEL GOSTELOW STAN LEE PRODUCED BY ALAN FINE EXECUTIVE PRODUCERS VICTORIA ALONSO CRAIG KYLE EXECUTIVE PRODUCERS LOUIS D'ESPOSITO PRODUCED BY KEVIN FEIGE
SCREENPLAY BY DON PAYNE AND ROBERT RODAT BASED UPON CHARACTERS CREATED BY STAN LEE AND THE MARVEL UNIVERSE
DIRECTED BY JANE KAMM
Facebook.com/Thor

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL



KOMIN Í BÍÓ

SMÁRA BÍÓ

SAMBÍÓN

MUSIC TO MY BEER



ICELAND
AIRWAIVES
'13

THE LOCAL BEER

2.25%
ALC. VOL.

FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR  OCT 30 - NOV 03